

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2021

2024/EES/5/25

frá 19. mars 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1093 frá 24. júlí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. mars 2025 til 27. desember 2028, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 133zze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 686/2012) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1093**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1093 frá 24. júlí 2020 (Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1093, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.